

10.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 13.október 2021 kl.14:00, á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson 1.varam. Krossnesi, Bjarnheiður J. Fossdag Melum 1, Björn G. Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Minnisblað til sveitarstjórna v. forsendur fjárhagsáætlana 2022 – 2026. Lagt fram til kynningar og undirbúnings fyrir fjárhagsáætlun. Tillögur að verkefnum fyrir næsta ár?
2. Tölvupóstur og bréf frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti varðandi fjarfundi og ritun fundargerða á fjarfundum.
3. Bréf til forsætirráðherra, samgöngu og sv.stjórnarráðherra, fjármálaráðherra. Senda það á fleiri aðila??
4. Bréf frá HMS (húsnæðis og mannvirkjastofnun) sent til allra í hreppsnefnd. Eigum eftir að skoða málið og taka næstu skref.
5. Viðauki við fjárhagsáætlun vegna borunar eftir köldu vatni í Norðurfirði. Sýni hefur verið tekið til greiningar.
6. Vinnueftirlit, reglubundin skoðun við Norðurfjarðarhöfn þ. 6.október 2021.

1.Minnisblað til sveitarstjórna varðandi forsendur fjárhagsáætlana 2022 – 2026 lagt fram til kynningar. Helstu verkefni næsta árs eru að gera við og endurnýja vatnstankinn í Norðurfirði, halda áfram með bílskúrinn við skólann, skoða þarf rafmagn á ytri bryggju og endurnýja víra í báðum krönum. Ákveðið að athuga með endurnýjun á baðherbergi í íbúð 1, í Kaupfélagshúsi.

2.Tölvupóstur og bréf frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti varðandi fjarfundi og ritun fundargerða á fjarfundum. Lagt fram til kynningar og umræðu. Samdóma álit hreppsnefndar að skerpa þurfi á reglum varðandi fjarfundi þar sem slíkir fundir geta verið nauðsynlegir vegna veðurskilyrða t.d.

3. Bréf til forsætirráðherra, samgöngu og sv.stjórnarráðherra, fjármálaráðherra. Senda það á fleiri aðila?? Ákveðið var að senda Skúla Gautasyni og Aðalsteini Óskarssyni afrit af bréfinu.

4.Bréf frá HMS (húsnæðis og mannvirkjastofnun) sent til allra í hreppsnefnd. Eigum eftir að skoða málið og taka næstu skref. Ákveðið var að oddviti hefði aftur samband við HMS og gefa stöðuskýrslu vegna seinkunar á málinu, bíll Isavia var líka til umræðu og möguleikarnir á notkun hans. Einnig verður haft samband við slökkviliðið á Hólmavík varðandi eldvarnaeftirlit.

5.Viðauki við fjárhagsáætlun vegna borunar eftir köldu vatni í Norðurfirði. Gera þarf viðauka við yfirstandandi fjárhagsár vegna borunar eftir köldu vatni nú í haust. Ákveðið var að færa á milli verkefna kr. 899.000,- vegna borunarinnar af áætlun sem gerð var vegna kostnaðar við ljósleiðara á þessu ári.

6. Vinnueftirlit, reglubundin skoðun við Norðurfjarðarhöfn þ. 6.október 2021. Lagt fram til kynningar og umræðu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30.